



Reykjavík, 26. mars 2024

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

### **Umsögn Krafts, stuðningsfélags um 771. mál um dánaraðstoð.**

Árlega greinast um 70 ungir einstaklingar með krabbamein á aldrinu 18 - 40 ára. Kraftur styður við bakið á þeim og aðstandendum. Félagsmenn Krafts eru því þeir einstaklingar sem greinst hafa með krabbamein á aldrinum 18 - 40 ára og aðstandendur sem eru á öllum aldri. Þrátt fyrir að lífslíkur þeirra sem greinast ungir séu sífellt að verða betri með framþróun í læknavísindum þá er hin dapurlega staðreynd sú að alltaf eru einhverjir sem deyja úr sjúkdómnum.


Félagsmönnum Krafts var boðin þátttaka í könnun um viðhorf til dánaraðstoðar sem Gallup vann fyrir heilbrigðisráðuneytið í apríl 2023. Fyrir milligöngu Krafts fengu 500 félagsmenn sendann rafrænan spurningarlista þar sem þeir voru spurðir um afstöðu til dánaraðstoðar. Alls svöruðu 132 félagsmenn framangreindri spurningu eða um 26% af þeim sem bauðst þátttaka í könnuninni. Afstaða þeirra sem svöruðu var sú að 32% voru alfarið hlynnt(ur), 32% mjög hlynnt(ur), 20% frekar hlynnt(ur), 9% hvorki né, 5% frekar andvíg(ur) og 2% mjög eða alfarið andvíg(ur).

Samtals voru því 84% þátttakenda hlynntir dánaraðstoð, 9% hvorki né og 7% andvígir. Afstaða félagsmanna Krafts sem tóku afstöðu var því mjög afgerandi.

Umsögn Krafts um frumvarp til dánaraðstoðar endurspeglar afstöðu félagsmanna, þ.e. að félagið sé hlynnt dánaraðstoð. Á það einungis við þegar sjúklingur er með ólæknandi sjúkdóm og upplifa ómeðhöndlanlega og óbærilega þjáningu eins og lögin skilgreina. Mikilvægt er að benda á að hér er um að ræða sjálfsforræði einstaklingsins yfir eigin líkama og rétt til að þiggja aðstoð við að enda líf sitt. Þess skal getið að ungir einstaklingar með ólæknandi krabbamein i eru oft lengur að kveðja þar sem líkami þeirra er hraustari heldur en þeirra sem eldri eru. Það getur því verið langt og sársaukafullt ferli fyrir aðstandendur að horfa upp á foreldri sitt, maka, barn, eða annan ástvin þjást óbærilega.

Þá telur Kraftur að frumvarpið sé unnið af fagmennsku en mikilvægt sé að tryggja þjálfun og fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk og gott eftirlit sé haft með framkvæmdinni í hvívetna.

Virðingarfyllst fyrir hönd Krafts, stuðningsfélags

A handwritten signature in blue ink, reading "Hulda Hjálmaeðstöð". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

**Hulda Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri**